# Bréf og skjöl fátækramála. 1847-1893

Aðfnr. 1016, örk 28


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Guðrún Guðmundsdóttir

Hjermeð sendist yður, herra bæjarfógeti viðurkenning Skeiðahrepps fyrir sveitfesti Guðrúnar Guðmundsdóttur, sem [illegible] [illegible] í þessari [illegible] [illegible]

Skrifstofu Árnessýslu $\frac{21}{11}$ 1887

Björn Bjarnarson
settur

Til ~~bæjarfógetans~~ í Reykjavík

Bfs No 641/87

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningur
## til
## hreppsnefndarinnar í Skeiðahreppi

Útt: Húsaleiga fyrir Guðrúnu Guðmundsdóttir frá 14 maí til 14 sept. sama ár = 4 mánuði 3/50 = 14,00

þessar ofanskrifaðar 14 Krónur óska jeg að mjer verði greiddar hið allra fyrsta.

Með virðingu

Rvík 19 September 1887

Magnús Pálsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Reikningur.

Fyrir að vaka yfir sjúklingnum
Guðnýju Guðmundsdóttur á Vegamótabrú
í 24 sólarhringa, í ágústmánuði þ. á.
1 króna um hvern sólarhring er = 24 kr

= tuttugu og fjórar krónur

Reykjavík, 10 september 1887

Ingileif Magnúsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með yðar heiðraða brjefi 4 þ.m. sendið
þjer mjer útskript úr lögreglu þingsbók
Reykjavíkur kaupstaðar 19 ágúst þ.á. á-
hrærandi sveitfesti gamalmennisins
Guðnýjar Guðmundsdóttur.
Þareð hreppsnefndin hjer ekki sjer neina
ástæðu til að vefeingja framburð tjeðrar
Guðnýjar hvorki um fæðingar hreppinn nje
veru utan hans, þá viðurkennist
hjer með að þessi umrædda Guðný Guð
mundsdóttir eigi framfærslusveit
hjer í Skeiðahreppi. —

Skeiðahreppi 8 nóvember 1887

Jón Jónsson

Til

Sýslumannsins í Árnessýslu

ad B.f.J. No. 641/87

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hreppsnefndin í Hrunamannahrepp
1. nov. 1887.

Vjer höfum fengið frá yður, herra bæjarfógeti,
2 reikninga, fyrir Guðlaug Þorsteinsson (upphæð) 7.60
og Guðrúnu Ásmundsdóttur í Litlabæ — 56.00
= 63.60

Þetta er oss nú sem stendur alveg ómögulegt að borga
en skulum gjöra svo fljótt sem vjer getum. — Vjer viljum
þá geta þess, að skólapiltur Guðmundur Guðmundsson
í Reykjavík hefur lofað að borga yður 16 krónur uppí
þessa skuld nú þegar.

Ennfremur viljum vjer mælast til að þjer
ekki veittuð Guðrúnu Ásmundsdóttur lán uppá oss nema
af skornum skamti. Hún og uppkominn sonur hennar,
sem bæði eru dugleg, vinna fyrir einu barni, og er
árlega lögð hjeðan ½ meðgjöf með því, svo vjer viljum
ekki láta hana þurfa að fá mikið lán annarstaðar frá,

Bjfr. 6 37/87

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

enda munum vjer taka hana hingað heim á
næsta vori. Það er vitaskuld að vjer borgum
aðalaust hina áföllnu skuld, en vildum að eins
biðja yður að veita henni ekki takmarkalaust
lán þennan yfirstandandi vetur, með því að
hún er nú sem fyr styrkt hjeðan.

Fyrir hönd kvennúnefndarinnar.

Steindór Briem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í tilefni af auglýsingu yðar í „Ísafold"
þann 26 September, þá býður hjermeð P. C. Knudtzon & Söns
verzlun í Reykjavík, hinni heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkur-
kaupstaðar, eptirfylgjandi Vörur og verð mót peningaborgun

| | | | |
|---|---|---|---|
| Rúg | fyrir | ℔ | 0,06½ |
| Rúgmjöl | -„- | -„- | 0,07. |
| Bankabygg | -„- | -„- | 0,11. |
| Matbaunir | -„- | -„- | 0,10. |
| Kaffi | -„- | -„- | 0,75. |
| Kandis | -„- | -„- | 0,28 |
| hvít Sikur | -„- | -„- | 0,24. |
| Púðursikur | -„- | -„- | 0,20. |
| Overhead Mjöl | -„- | -„- | 0,08. |
| Grjón | -„- | -„- | 0,11. |
| Steinolíu | -„- | Pot | 0,20. |
| Ofnkol | -„- | Skp | 3,50. |
| Smjör | -„- | ℔ | 0,65 |

Reykjavík þann 2 October 1888.

Ludv. Hansen pp.

Til

Fátækranefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 15. sept. 1888

Háttvirti Herra bæjarfógeti!

Eptir að eg áðan fór frá yður, fór eg að athuga ársmannabókina viðvíkjandi Jóni Illugasen (Jónssyni) og sjáið þér af umlögðu blaði að eg hefi munað rétt að hann hefði fengið hér fátækrastyrk, en hvort hann er endurgoldinn af sveit hans veit eg ekki, en það sést hjá gjaldkera og máske af journalnum og bréfabók frá þeim tíma.

Virðingarfyllst

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Jón Illugason (Jónsson)

hefir árið 1877 þegið sveitarstyrk frá framfærslu hreppi sínum (Alptaneshreppi í Gullbringusýslu) neðannefndan styrk (úr fá-tækra sjóði Reykjavíkur kaupstaðar eptir ávísunarbókinni:

1) 29/1 1877 ávísað Jóni . . . . . 10,00 kr

2) 24/2 — borgað Halldóri Sigurðssyni fyrir kvenmann í þarfir Jóns Illugasonar . . . . . . . . 21.00

3) 9/3 — látið Jón fá 3 skpd. rúgi og 1 ☐ kaffi (verð á því eigi nefnt)

4) s. d. — ávísað í peningum . . . 10.00

5 27/3 — ávísað hjá Smiths verzlun . 10.00

№ 1–2, 4–5 = 51,00 kr

auk № 3 sem eigi er verðlagt í ávísunarbókinni.

Rétt útdregið úr ávísunarbók Reykjavíkur 1877

vottar 15/9-88 Ell. Jónasson
bæjarfulltrúi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 7. júní 1888.

Eg leyfi mér að senda hinni heiðruðu fátækranefnd hérmeð nokkrar athugasemdir viðvíkjandi fátækramálunum, sem eg sem bæjarfulltrúi og einn af stærstu gjaldendum bæjarins leyfi mér að beiðast að fátækranefndin vilji taka til yfirvegunar á næsta fundi sínum. Sé eitthvað í þeim skakkt, þá beiðist eg fyrirfram afsökunar á því. Mér hefir eigi gengið annað en gott til að gera greindar athugasemdir og vænti þess líka að fátækranefndin sé mér, að því þær snertir, í flestum atriðum samdóma.

Virðingarfyllst
Eth. Jónassen

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur bæjar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I. 1

# Nokkrar athugasemdir viðvíkjandi fátækra-málefnum í Reykjavík

---

1. Ásgrímur Gíslason. Maður þessi kom hingað ofan af Akranesi fyrir nokkrum árum síðan og hafði þá með sér stúlku og 2 börn; hann sótti þá um bæjarleyfi og að því mig fastlega minnir var neitað um það; síðan þáði hann úr fátækrasjóði 1885 (1884?) mill. 30 og 40 krón.; gat 1886 borgað af því rúman helming, en það sem eptirstóð borgaði hann fyrir áskorun mína í fyrra vor; hann hafði lofað því að ganga að eiga stúlku þá, er hann hefir búið með, þegar hann væri búinn að borga fátækrastyrk sinn; þetta hefir hann ekki efnt; þvert-ámóti hefir hann í vetur hér aptur þegið fátækra-styrk, sem enn þá er óendurgoldinn; hann á nú víst 4 börn með bústýru sinni og hvað lítið sem hann fatlast frá vinnu, þá þarf hann að fá fátækrastyrk, því hann er félaus maður með öllu. Þessi maður, sem nú býr í Brennu hér í bænum, þarf að flytjast héðan [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vitað að ef bústýra hans lifir hér áfram 10 ár
með Ásgrími, þá er hún og börn hennar sveitlæg
hér í bænum.

2. Hér um bil eins ástatt og með Ásgrími er með
× Einar Guðmundsson á Einarshöfn á Selsholti.
Hann býr með bústýru sem hann hefir átt börn með
og hefir á meðan og var hér bæjarfógeti þegið sveitar-
styrk 1885 og 1886, er hann víst eigi að öllu leyti enn-
þá hefir endurborgað; það hafi var viðsettur fyrir
styrkinum fátækrasjóði. Eg hafði um veturinn
1886 látið þennan mann að meðdilagi fátækra-
nefndarinnar vita að hann yrði að fara héðan
á vorið eptir; hann situr samt hér ennþá ó-
haggaður og er ennþá ógiptur svo bústýra hans
og börn þeirra eptir 10 ára dvöl hér vinna sveit.
Þennan mann þykkti nauðsynlegt að flytja héð-
an í sumar.

3. Mér hefir verið sagt að kona og börn Einars Gunn-
steinssonar, er bjó hér í Vaggstöðum,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefir selt þann bæ og flutt sig austur í Skaptafells-
sýslu í fyrra sumar, sé hér ennþá í bænum (nú
í Móhúsum?); þessu fólki þarf að ráðstafa
héðan burtu, því það hefir ekkert að lifa af nema
sníkjum að vetrinum til, þótt það kannske að
sumrinu til geti haft í sig og á.

4. Ingibjörg Jóhannsdóttir frá Laxfossi í Staf-
holtstungum ættuð, var þegar ég var hér bæjarfógeti
ásamt barni sínu flutt á sveit sína Stafholts-
tungnahrepp. Nú er hún búin að dvelja hér á
annað ár aftur í bænum, er sem stendur búin
að taka saman við óreglumann hér í bænum
Sigurgísla Ólafsson á Grund og er nú sögð
af kunnugum barnshafandi; er sagt að Sigur-
gísli og hún flytji eða séu flutt í tómthús-
mennsku í Brennu, er lítur út fyrir að vera
aðsetur nokkurs konar Þjáltenborg Reykjavíkur.

Til frekari upplýsingar um ofanræddan kvenn-
stór-
mann skal þess getið að hún fyrir þjófnað o.c.
hefir tekið út betrunarhúsvinnu í hegningar-
húsinu hér; flokkist [illegible] Páls Gajs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hefir átt hér í bænum síðan börn með Páli og
öðrum. Kvennmann þennan þyrfti að flytja héðan,
enda er mér ekki kunnugt að Sigurgísli Ólafsson
hafi tómthúsmennsku leyfi og ætti frágeitt að
fá, þótt hann sækti um það, því hann er ó-
reglumaður og óráðsmaður af lakara tagi
að minni reynd, er breytt hefir mjög illa við
gamla og fátæka móður sína, og er þess utan
stórskuldugur.

5. Eg gjöri ráð fyrir að hin heiðraða fátækranefnd
Reykjavíkur þekki kvennmann er heitir Guðríðr
Helgadóttir (almennt kölluð „Lüders-Gudda").
Kvennmaður þessi stal hér sumarið 1878 og var
þá hegnt með vatni og brauði. Síðast var hún hér
í skjóli móður sinnar, eða í fyrra, og hefir átt
hér 1 barn með Lüders og 2 með Captn Coghill.
Hún þáði á fyrsta árinu, sem eg var hér bæjar-
fógeti, 36 kr úr fátækrasjóði sem hún síðan
sjálf endurborgaði (sjá ársreikningabók). Kvennmaður
þessi mun nú vera hér lausakona og þar sem vera
mun nálægt 8 árum síðan hún þáði hér og þáði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II.

hún skömmu á eptir borgaði styrkinn, þá er hún hú orðin bráðum sveitlæg; þarf því að vinda bráðan bug að því að kalla hana fyrir og sekta hana fyrir ólöglega lausamennsku og þá er hafa tekið hana í hús sín og helzt að koma henni héðan í burtu, því annars; verði það látið ganga eins gengið hefir afskiptalaust af hálfu fátækra-stjórnarinnar, verður Guðríður ásamt börnum sínum sveitlæg hér í bænum. Hún á sveit á Skeiðunum í Árnessýslu, því þar er hún fædd.

6. Hjá Stefáni Arnbjarnarsyni í Skugga-hverfi er bústýra, sem hann hefir átt börn með; þessi kvennmaðurinn er eptir prófum, sem og tók hér bæjarfógeti 1885?, sveitlæg í Garðahreppi (Hafnarfirði) og var og búin að tjá Stefáni og henni að hún með börnum þeirra yrði flutt á sveit sína vorið 1886, því Stefán var þá farinn að þiggja hér af fátækrasjóði. Þessi kvennmaðurinn þyrpti að þykjast héðan, svo framarlega sem hún með börnum sínum ekki nú er orðin sveitlæg hér.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stefán er öreigi og ~~hann~~ á nú að selja ofan af honum bú hans vegna skulda. <u>þetta þarf sem fyrst að athugast.</u>

7. Eg sé af fátækraúthlutunarbókinni að <u>Guðmundur Bjarnarsön</u> (Ásbú-Guðmundur) er farinn að þiggja húsaleigustyrk og kannske meira. Útaf því vil eg leyfa mér að leiða athygli fátækranefndarinnar að því að móðir bústýru Guðmundar er gipt Jóni bónda Ottesen á Ingunnarstöðum í Kjós, bónda á sjálfseign og við álitlegt bú, og finnst mér því sjálfsagt að fátækrastjórnin leitist við að fá tillag handa bústýru Guðm. frá móður hennar þó eptir amtsúrskurði, ef eigi fæst með góðu, eða helzt að farið verði fram á að 1 barn færi að Ingunnarstöðum, þá þyrfti líklega lítið að þiggja Guðmundi; annars finnst mér það <u>ófært að láta það</u> að Guðmundur þessi nú, þegar nóg vinna er að fá, t.a.m. við uppskipun, ekki skuli gera handarvik. Hér virðist vera ástæða til að beita hinum nýju lögum um sveitarstyrk og fúlgu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þórdís
8. ~~Sigríður~~ Bjarnadóttir (systir Guðrúnar Bjarnadóttur í húsi Péturs lögregluþjóns) sem og sem bæjarfógeti lét flytja héðan með 1 barni á Lundarreykjadalshrepp, er komin hingað aptur með 1 eða 2 börnum. Hún þyrfti að flytjast héðan aptur, því hún hefir hér ekki neitt að lifa af nema af svikum og betli.

9. Jón Jónsson garðyrkingur. Að því snertir þennan þurfamann Reykjavíkur, þá virðist það ótilhlýðilegt að hann sé hér á sveit, því hann á ríka náskylda ættingja. Séra Jóhann Þorsteinsson í Stafholti, sem er með efnuðustu prívatmönnum hér á landi, er systursonur Jóns, og það er því hvorki honum einum ág því síður ~~hvorki~~ honum og bræðrum hans of vaxið að öllu leyti að sjá fyrir þessum móðurbróður sínum og beinlínis skömm fyrir þá að láta hann vera hér á sveit. Eg vil því fastlega skora á fátækrastjórnina hér sem allra fyrst að skrifa séra Jóhanni ~~Þorsteinssyni~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og ætti það að vera hægt að koma Jóni héðan í
sumar t.a.m. upp að Stafholti. Þessi ómagi kostar
árlega þenna nú um 120 kr. og má búast við að hann,
ef hann lifir, verði ennþá þyngri ómagi.

10. Þá er hér á sveit þungur ómagi Ingibjörg Guð-
mundsdóttir. Eg verð að álíta að bróðir hennar,
ef á hann væri skorað, síra Jónas Guðmunds-
son á Staðarhrauni, sjái svo sóma sinn að
borga með systur sinni að minnsta k. 100 kr.
árlega # og verð því fastlega að halda því fram
að síra Jónasi sé skrifað um þetta. Fáist það
ekki, virðist það reynandi að koma Ingi-
björgu fyrir á þokkalegu sveita-heimili fyrir
meðlag sem væri minna, en nú er gefið
með henni, ef það ekki fæst niðursett af
þeim, sem nú er hjá. Tilraun í þá átt má þó gera.

# eða þá taki hann hana til sín og væri þá
sjálfsagt að bæta honum kostnað. Flutning
hennar fyrir héðan í sumar upp í
Mýrar. Það væri best.

11. Elín Sigurðardóttir. Þessi kvenmaður þáði af
sveit hér um tíma, meðan eg var bæjarfógeti, tals-
vert. Síðan hætti hún að þiggja síðustu ár mín,
en nú er hún aftur farin að fá styrk
er eg var bæjarfógeti. ~~Þessi kona~~ [illegible]
sagt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III.

(er var alþekktur merkismaður)
alsystir Jóns* bónda Sigurðssonar á Mýrarhúsum
á Seltjarnarnesi og á hún því vel efnað tengda-
fólk á Seltjarnarnesi bæði Þórð Jónsson í Ráða-
gerði og (Sigurð og) Friðrik í Bakkakoti o. fl. og væri því
víst rétt að fátækrastjórnin hér færi fram á
það við greint tengdafólk konu þessarar hvort
það ekki vilji aumast yfir hana, enda er það því
líklegra sem Elín er mesta myndarkona og
sérlega vel vinnandi.

12. Halldóra Árnadóttir kona Eiríks Ásmundssonar, er
býr í Grjóta. Þarsem hún nú að eins hefir 1 barn
innan fermingar þá virðist henni ekki vorkunn
á með tilstyrk* frá föðurnum að geta lifað án
þess að þurfa fá hjálp úr fátækrasjóði, að
minnsta kosti að sumrinu til, því hún er
heilsugóð og getur unnið.

13. Henrik Arnason. Þessi maður, sem getur róið
vetrarvertíð og vorvertíð, ætti að geta verið
matvinnungur og er það því alltof mikið að
leggja með honum 75 krón. árlega af sveitarfé.
Það ætti að ráðstafa honum t. a. m. í Viðey

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eða á annað stórheimili, en ekki að hafa hann hér í Reykjavík, með því hann er drykkfelldur.

14. Þorsteinn Jónsson bakari. Þessi maður hefir nú vinnu hjá bakara Endresen og virðist óþarfi að veita honum fastan húsaleigustyrk. Hann á unga konu og að eins 2 börn og ætti að komast af án hjálpar, en hann og kona hans eru ekki ráðdeildarsöm og þyrfti að þau af hálfu fátækrastjórnar að sæta ströngu eptirliti. Kona hans gengur í hús og betlar, en vinnur víst eigi mikið, enda er auðvitað hægra að sækja fé í fátækrasjóð.

15. Sigurður Eiríksson (er var í Hlíðarhúsi) ætti að sumsinnis til ekki að fá neinn fátækrastyrk.

16. Suður í Þingholtunum býr kvennmaður Sigríður Jónsdóttir í kofa, sem hún á nálægt Valgarðsbæ; þar var í vetur hæli margra fátæklinga, er víst engir höfðu leyfi til að vera hér; þetta þyrfti fátækranefndin eptirleiðis að athuga.

17. Guðlaugi Þorsteinssyni í Þingholtunum þyrfti allra hluta vegna að ráðstafa í sumar austur á hrepp sinn í Árnessýslu ásamt hyski hans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. <u>Sigurgeir</u> Sigurðsson?, hálfbróðir Bjarna Dagssonar við Klapparstíg, kom hingað 1885? ~~og bað~~ frá Geiradalshreppi í Barðastrandar sýslu og sótti þá hér um bæjarleyfi, en fékk það ekki.# Síðan var það <u>afgert</u> að hann færi héðan í Maí 1886 með 1. ferð Thyru vestur aptur og var mér það kunnugt að hann var búinn að gera ráðstöfun nauðsynlega til þessar ferðar; en eptir að eg 1. Maí þ. á. fór frá bæjarfógetaembættinu fékk hann hjá hinum setta bæjarfógeta leyfi að mega vera hér fram á sumarið og skal þess getið hér að, þegar eg komst að því, <u>leiddi athygli hins setta bæjarfógeta að því</u> að sjá um að hann færi, því bæði vissi eg að hann er öreigi og kona hans hafði legið <u>í geðveiki</u> miðhluta vetrar 1885–1886. En allt um það er Sigurgeir þessi hér enn <u>og hefir að vestan fengið styrk af sveit</u> eptir því sem <u>kunnugur</u> maður hefir sagt mér. Á nú þessi maður að setja hér lengi?. Til sveitar getur hann hér ekkert goldið en vegna þess hvernig heilsu konu hans er varið getur hann orðið bærum, þegar minnst varir, að mestu þyngslum

\# en af því seint var orðið fyrir að leyfa fátækrastjórninni honum að dvelja hér vetrarlangt eða síðan sagt var honum þjóð að hann skyldi eigi sektaður fyrir það þótt hann dveldi um veturinn hér, ef hann þá strax að vorinu 1886 færi burtu aptur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Helgi Otto Guðlaugsson í Brautarholti hefir þegið hér talsverðan ómeðurgoldinn sveitarstyrk og má búast við að hann hvað lítið sem útaf ber fyrir honum verði styrksþurfi í þessari sveit væri veruleg þörf á að ráðstafa í þessu á sveit sína í Þingeyjarsýslu

20. Sveinn Eiríksson á Grímstaðaholti hefir þegið hér ómeðurgoldinn sveitarstyrk og býr með stúlku, er hann hefir átt börn með.

21 Björn Sveinsson á sama stað sömul.

Báða þessa menn (20. og 21.) þyrfti að ráðstafa héðan eða þá að minnsta gera þeim að skilyrði fyrir að þeir fengju að vera að þeir giptu sig.

22. Kristín Helgadóttir?, barnsmóðir Einars Olafssonar frá Grund hér í bænum, hefir dvalið hér með barni sínu lýsislaust nokkur ár; 1885–1886 vísað og henni austur á sveit sína; með því kvennmaður þessi, sem er orðin roskin, er fátæk þarf að athuga að hún ekki sveitfestist hér; hún mun nú vera lausakona. Rvík 7/6 88 [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur